



19. september 2023
Tilv.:2307045

Orkuveita Reykjavíkur
Bæjarhálsi 1
110 Reykjavík

Efni: Staðfesting á grunnlýsingu Orkuveitu Reykjavíkur

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (fjármálaeftirlitið) hefur að undanfögnu haft til athugunar drög að grunnlýsingu fyrir Orkuveitu Reykjavíkur.

Fjármálaeftirlitið hefur gert ýmsar athugasemdir við form og efni þeirra draga sem lögð hafa verið fram og fengið svör og úrbætur og vísast um það til bréfaskipta og viðræðna við tengilið Orkuveitu Reykjavíkur. Yfirferð fjármálaeftirlitsins er gerð með tilliti til laga nr. 14/2020 um lýsingu verðbréfa sem boðin eru í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði (llv.) og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/1129 um lýsingu sem birta skal þegar verðbréf eru boðin í almennu útboði eða tekin til viðskipta á skipulegum markaði og um niðurfellingu á tilskipun 2003/71/EB. Athugun fjármálaeftirlitsins á fyrrnefndri grunnlýsingu er nú lokið.

Með vísan til 3. mgr. 5. gr. llv. staðfestir fjármálaeftirlitið grunnlýsingu Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 18. september 2023.

Gjaldskrá Seðlabanka Íslands vegna sértækra aðgerða fjármálaeftirlitsins gildir um yfirferð fjármálaeftirlitsins, sbr. 4. mgr. 6. gr. llv. Reikningur verður sendur innan skamms.

Virðingarfyllst,

Linda Kolbrún Björgvinsdóttir
frankvæmdastjóri
háttsemiseftirlit

Ásmundur Ingvi Ólason
sérfræðingur í lýsingum
háttsemiseftirlit

